



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II

ROLEX

M
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. september 2016

37. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

Millibilsástand á markaði

Forstjóri Kauphallarinnar segir einhver fyrirtæki sem velta fyrir sér skráningu bíða fram yfir kosningar.

»4

Auknar kröfur um ábyrgð

Hrefna Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans, fjallar um aukna samfélagsábyrgð.

»4

Samkeppnishæfni batnar

Ísland hækkar um tvö sæti milli ára á samkeppnislista World Economic Forum og er nú í 27. sæti.

»8

Crossfit kennir frábær viðhorf

Jóhann Steinar Jóhannsson, nýr framkvæmdastjóri ÍV sjóða, er Akureyringur sem elskar crossfit.

»11

Ekki Pútín að þakka

Lars Christensen segir það ekki Pútín Rússlandsforseta að þakka að rússneska hagkerfið hrundi ekki.


Stór vörumerki sjá tækifæri á Íslandi

Cortefiel, ein stærsta tiskukeðja Spánar, opnaði á dögunum þrjár verslanir í Smáralind, tvö önnur stór vörumerki, Hard Rock og H&M, eru væntanleg. Þetta má meðal annars rekja til bættis efnahagslífs, afnáms tolla og fjölgunar ferðamanna. » 6

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:
Optical Studio í Smáralind, 5288500
Optical Studio í Keflavík, 4213811
Optical Studio í Leifstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Glæpamenn fremja oft kortasvik í gegn um tölvur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fjársvik framin hverjar fimmtán sekúndur

Fjársvikarar svíkja út fé á fimmtán sekúndna fresti í Bretlandi samkvæmt upplýsingum frá Financial Fraud Action, stofnun sem bankar landsins fjármagna.

CNN greinir frá því að á fyrstu sex mánuðum ársins hafi verið yfir milljón tilfelli kreditkortafalsana og fjársvika á netinu og í síma í Bretlandi. Þetta er rúmlega 53 prósentu aukning milli ára.

Bankar eru orðnir betur í stakk búnir til að takast á við þessa glæpamenn á sínum heimavelli, en glæpamenn halda þó ótrauðir áfram að reyna að plata fólk, til að mynda í síma.

Samkvæmt könnun stofnunarinnar sögðust 26 prósent viðskiptavina gefa upp viðkvæmar upplýsingar um bankamál sín í gegn um síma ef einhver sem segist vera bankastarfsmaður hringir, þrátt fyrir að vita að það geti haft skaðleg áhrif. Tæplega helmingur þeirra sem sögðust hafa gert það á síðasta ári töldu að raunverulegur bankastarfsmaður hefði verið að tala við þá í símann.

Áætlað er að fjársvik af þessu tagi hafi numið 755 milljónum punda, jafnvirði 112 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. – sg

Vikan sem leið

737

eignir

Íbúðalánasjóður hefur selt 737 eignir á árinu eða 20 prósent fleiri eignir en á sama tímabili árið 2015 þegar seldar voru 618 eignir. Í ágúst seldi sjóðurinn samtals 41 eign. Til viðbótar þeim eignum sem seldar voru hefur Íbúðalánasjóður samþykkt kauptilboð í 86 eignir og vinna nú tilboðsgjafir að fjármögnun þeirra.

2

milljarða hagnaður

Hagnaður af rekstri Bláa lónsins hf. nam 15,8 milljónum evra, jafnvirði 2 milljarða íslenskra króna, árið 2015. Hagnaðurinn jókst um fjórar milljónir evra, 513 milljónir króna, milli ára. Rekstrartekjur námu 54,3 milljónum evra, 7 milljörðum íslenskra króna, þar af námu tekjur af aðgangi að Bláa lóninu 33,1 milljón evra, jafnvirði 4,3 milljarða íslenskra króna.



Páll Harðarson telur að sama hvernig kosningarnar fari muni það ekki hafa stórvægileg áhrif á markaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kosningarnar draga úr nýjum skráningum

Einhver fyrirtæki hafa seinkað áformum sínum um skráningu í Kauphöll Íslands í aðdraganda kosninga. Ekkert fyrirtæki hefur verið skráð á Aðallista á árinu. Forstjóri Kauphallarinnar sér þó fram á eina skráningu á árinu.

Komandi kosningar hafa seinkað áformum einhverra fyrirtækja um að skrá félög sína í Kauphöll Íslands. Engin félög hafa verið skráð á Aðallista Kauphallarinnar á árinu.

„Núna erum við að upplifa ákveðið millibilsástand sem hefur ríkt frá því í vor, að verið sé að biða eftir kosningunum. Skráningar eru auðvitað eitthvað sem tekur lengri tíma að undirbúa, en ég þykist þess fullviss af því sem ég hef heyrt að þetta hafi heldur seinkað áformum einhverra,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

„Þetta hefur einhver áhrif, en kannski ekki stórvægileg. Einhver fyrirtæki sem hafa verið að velja fyrir sér skráningu og hafa verið komin eitthvað áleiðis, eða verið að vinna í undirbúningi skráningar, hafa talað um að það verði ekki fyrr en eftir kosningar. En það er eðlilegt í sjálfu sér,“ segir Páll.

Páll segir að atburðir eins og kosningar hafi ekki síður áhrif á viðskiptahlöðina. „Við höfum séð það margt á síðustu árum, sem eru fróðleg fyrir þær sakir að við höfum oft staðið frammi fyrir óvenju mikilli óvissu í efnahagslegu tilliti. Frá því fyrir kosningarnar 2013 og fram á mitt ár 2014 þá var margvísleg óvissa í gangi. Við fundum að dró úr viðskiptum í aðdraganda kosninganna, og svo var verið að biða eftir skuldaleiðréttingunni, aðgerðum um losun hafta og niðurstöðum kjarasamninga. Það leystist úr þessu meira og minna vorið og snemmsumars 2014. Eftir það gerist margt athyglisvert á markaði, verðbólguálagið snarminnkaði ef maður



Síminn er síðasta félag sem skráð var á Aðallista Kauphallarinnar en bréf félagsins voru tekin til viðskipta 15. október 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lítur á skuldabréfamarkaðinn, hlutabréfamarkaðurinn fór í mikla uppsveiflu sem varaði átján mánuði eða svo. Þannig að það eru áberandi skil þegar leysist úr óvissunni og fólk metur þetta sem góð skilyrði,“ segir Páll.

Sér fram á skráningu á árinu

Iceland Seafood var skráð á First North á árinu en ekkert félag hefur verið skráð á Aðallista í ár. „Ég vonast til þess að við náum skráningu á Aðallista á árinu. Skeljungur var búinn að gefa það út að þeir stefndu á markað og ég vona að það gangi eftir. Svo er margt sem spilar með

okkur. Ég held að á þessu ári og því næsta förum við að sjá nýjar skráningar.“

Páll segist hins vegar ekki eiga von á því að aðstæður breytist stórkostlega hvernig sem kosningarnar fara. „Öll umgjörð er frekar stöðug og við höfum séð aðgerðir sem bæta í raun og veru aðgengi fyrirtækja, sérstaklega smærri fyrirtækja, að fjármagni og greiða þeim frekar leið inn á markaðinn. „Við erum ekki farin að sjá áhrif af þessu enn þá, en ég held að heilt á titið, hvernig sem kosningarnar fara, sjáum við ekki neina kollsteypu,“ segir Páll Harðarson. saeunn@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

merking

....framleiðir

Umferðarmerki og skilti....

Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

Á döfinni

Miðvikudagur 28. september

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fjöldi útgefina vegabréfa
- HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

Fimmtudagur 29. september

HAFSTOFA ÍSLANDS

- Gistinaður og gestakomur á hótélum í ágúst 2016
- HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala neysluverðs í september 2016

HAFSTOFA ÍSLANDS

- Meðalkostnaður á grunnskólanema í september 2016

Föstudagur 30. september

HAFSTOFA ÍSLANDS

- Verðmæti sjávaraflla, janúar–júní 2016

HAFSTOFA ÍSLANDS

- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–ágúst 2016

SEDLABANKI ÍSLANDS

- Hagvísar koma út

Mánudagur 3. október

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

Miðvikudagur 5. október

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- SEDLABANKI ÍSLANDS**
- Vaxtaákvörðun

keldan
dagatal viðskiptalíffsins

visir Allar markaðsupplýsingar



HP Spectre

Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka



Ótrúlega þunn,
aðeins 10.4 mm
og 1.1 kg.



Einstök
rafhlöðuending,
ný „hybrid“ tækni.



Frábært hljóð
frá Bang & Olufsen.



Intel® Core™ i5 eða
i7 og Thunderbolt
3.0 tengi.

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

Samkeppnishæfni Íslands batnar til muna milli ára

Ísland hækkar um tvö sæti milli ára á samkeppnislista World Economic Forum (Global Competitiveness Index). Ísland er nú í 27. sæti af 138 löndum. Staða Íslands hefur farið batnandi á síðustu árum og hefur Ísland hækkað um fjögur sæti frá því árið 2013. Fram kemur í skýrslu WEF að langstærsta hindrunin í vegi þess að stunda viðskipti á Íslandi sé gjaldeyrishöft, þar á eftir er það skatthlutfall og verðbólga.

Swiss, Singapúr og Bandaríkin eru efst á listanum og breyttist það ekki milli ára. Í neðsta sæti er Míritanía.

27.

sæti skipar Ísland á lista WEF

Á Íslandi stendur heilbrigðiskerfið og grunnskólamenntun vel að vígi í alþjóðlegu samhengi og er með 6,6 stig af 7 mögulegum á listanum og er Ísland þar í 7. sæti af 138 löndum. Einnig er Ísland ofarlega sé litið á hve undirbúið landið sé til að nýta sér tækni og er þar með 6,2 stig af

7 mögulegum, eða í áttunda sæti í heiminum. Þetta endurspeglar einnig í aðgengi að interneti í skólum þar sem Ísland er í 2. sæti í heiminum og er Ísland í 1. sæti alþjóðlega hvað varðar hlutfall þjóðarinnar sem notar internetið.

Ísland stendur verst þegar litið er á stærð markaðarins og er þar í 129. sæti af 138 mögulegum, einnig er þróun fjármálakerfisins í lægri kantinum eða í 53. sæti. Innviðir, skilvirkni vinnu markaðarins og háskólamenntun og þjálfun skora aftur á móti hátt á Íslandi. – sg



Ísland stendur verst þegar litið er á stærð markaðarins og er þar í 129. sæti af 138 mögulegum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VÖNDUÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU



Suðurlandsbraut 4

Glæsilegt **332 m²** rými á efstu hæð með einstöku útsýni. Möguleiki á sérhönnun rýmis fyrir leigutaka.



Lágmúli 6-8

Snyrtilegt, bjart og vel staðsett **103 m²** rými á frábærum stað miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.



Borgartún 29

Gott og vandað **158 m²** rými á 2. hæð á einum vinsælasta stað í bænum, Borgartúni.

Nánari upplýsingar í síma **666 4000** eða leiga@reginn.is

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG



Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans.

Gerir auknar kröfur um samfélagsábyrgð félaga

Landsbankinn hefur undirgengist skuldbindingar um ábyrgar fjárfestingar frá 2013. Nú er komið að því að horfa út á við og hvetja aðra til samfélagsábyrgðar.

Landsbankinn hefur frá árinu 2013 verið aðili að PRI (Principle for Responsible Investment), alþjóðlegum samtökum fjárfesta sem vinna saman að því að innleiða grundvallarviðmið um ábyrgar fjárfestingar. „Nú ætlum við að taka næsta skref og horfa út á við,“ segir Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans. Hún segir að hagfræðideild bankans, sem sér um greiningar, muni taka inn í sína greiningu á fyrirtækjum hvernig staðið sé að samfélagsábyrgð og væntir hún þess að það hafi áhrif á verðmat þeirra. Í fyrstu muni hún einbeita sér að því að safna slíkum upplýsingum, en síðar verði farið að nýta þær við verðmat.

Hrefna verður einn frummælenda á morgunfundi um ábyrgar fjárfestingar sem haldinn verður í Nauthóli í fyrramálið. „Í fyrstu munum við horfa á útfengendur hlutabréfa

sem skráðir eru í Kauphöll Íslands og spyrja út í félagslega þætti og umhverfisþætti.“ Í framhaldinu gæti slíkt haft áhrif á fjárfestingarákvarðanir.

Hrefna segir að bankinn hugsi þetta með svipuðum hætti og gert var þegar með góða stjórnarhætti. „Við byrjuðum á því að spyrja hvort fyrirtæki hefðu sett sér reglur og gáfum fyrirtækjum tíma til að bæta úr því sem á vantaði. Við viljum fara svipada leið með samfélagsábyrgðina, en þegar frá liður geta þessi þættir farið að hafa áhrif á ávöxtunarkröfu og þar með verðlagningu fyrirtækja.“

Hrefna segir að reynslan af innleiðingu góðra stjórnarháttanna sýni að þegar kominn sé rammi þá sé ríkur vilji hjá fyrirtækjum að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að innleiða stefnuna að fullu. Í þessu efni skipti einnig miklu að Kauphöllin

vinni með því að innleiða slíkt, en Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, er einn frummælenda á fundinum og mun greina frá því hvernig Kauphöllin muni koma að þessum málum.

Sá hópur fjárfesta sem er mest áberandi á íslenska markaðnum eru lífeyrissjódir sem eru í eðli sínu langtímafjárfestar. Hrefna segir að bankinn hafi byrjað á því að vinna í samfélagsábyrgð innanhúss, en miðlað þeirri vinnu áfram til annarra þar með talið lífeyrissjóða.

„Það er mikil pressa á skammtímaárangur með örra birtingu uppgjöra á markaði. Ef fyrirtækin finna að það er verið að fylgjast með þáttum sem stuðla að langtímasjónarmiðum í rekstri, þá held ég að það verði til þess að þau falli síður í freistni hvað varðar skammtímasjónarmið.“

haffidi@frettabladid.is

TÆKNI- ÞJÓNUSTA

NÝ NÁMSLEIÐ HJÁ NTV Í SAMSTARFI VIÐ
FRAMVEGIS - MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR.

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR ÞÁ SEM STARFA Í TÆKNIÞJÓNUSTU TIL
AÐ EFLA FÆRNI SÍNA EÐA FYRIR ÞÁ SEM LANGAR AÐ KYNNA SÉR
ÞENNAN SPENNANDI STARFSVETTIVANG, SEM ER
SÍVAXANDI OG Í ÖRRI ÞRÓUN.

NÁMSKEIÐ HEFJAST
6. OKTÓBER

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánun samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

www.ntv.is

ntv

Nýi tölvu- og
viðskiptaskólinn



Verslunarrisar mættir

Við batnandi efnahagsskilyrði sjá stór erlend vörumerki í auknum mæli tækifæri í því að koma til landsins. Mismunandi ástæður eru fyrir því, afnám tolla var drifkraftur H&M, bætt efnahagslíf ýtti undir komu spænsku keðjunnar Cortefiel, en fjölgun erlendra ferðamanna gerði forsvarsmönnum Hard Rock kleift að opna staðinn að nýju hér á landi. Ísland er góður prufumarkaður fyrir Norðurlöndin.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Ein stærstu tíðindi í verslun á Íslandi bárust í sumar þegar fasteignafélagið Reginn tilkynnti komu sænsku verslanakeðjunnar Hennes & Mauritz til landsins. Fregnirnar komu í kjölfar þess að staðfest var að veitingarisinn Hard Rock Café

væri að opna á ný á landinu. Svo virðist sem þekkt erlend vörumerki sjái sér nú hag í því að færa út kvíarnar til Íslands, en fjölbreyttar ástæður virðast vera fyrir því.

Antonis Kyprianou hjá Cortefiel Group, sem á dögunum opnaði þrjár verslanir í Smáralind, segir bætt efnahagsástand hafa ýtt undir það að félagið opnaði verslanir hér á landi. Áætlun um afnám hafta og afnám tolla af fatnaði og skóm hafi

verið tilkynnt eftir að fyrirtækið ákvað að koma hingað og því ekki átt þátt í ákvörðuninni, þótt hann fagni þeim breytingum. Cortefiel opnar verslanir sínar á Íslandi fyrstu Norðurlandanna og segir Kyprianou Ísland í raun frábæran markað til að prófa vörurnar áður en haldið er til stærri Norðurlanda.

Það var afnám tolla af fatnaði og skóm sem hafði mest áhrif á ákvörðun H&M um að opna hér á landi, að sögn Sturlu Eðvarðssonar,

●● **Margir eru hræddir við að koma inn á litinn markað. En litill markaður getur haft mjög jákvæð áhrif.**

Antonis Kyprianou hjá Cortefiel Group

framkvæmdastjóra Smáralindar. Ýmis teikn á lofti í íslensku atvinnulífi höfðu einnig jákvæð áhrif.

Fjölgun ferðamanna hefur haft jákvæð áhrif á verslun en hefur haft minni áhrif á fataverslun en veitingageirann. Fjölgunin hefur hins vegar verið drifkraftur þess að fá eitt af tíu þekktustu vörumerkjum heims, Hard Rock Café, til landsins á ný. Styrmir Karlsson, markaðsstjóri Hard Rock, segir hins vegar að verið sé að koma með Hard Rock til landsins fyrir íslenska neytendur því að erlendir ferðamenn geti notið Hard Rock annars staðar.

Íslendingar ættu að vera mjög stoltir af markaðnum sínum

„Margir eru hræddir við að koma inn á litinn markað. En litill markaður getur haft mjög jákvæð áhrif. Við erum í minni löndum, til dæmis á Mólto og Kýpur og þar gengur mjög vel. Við erum því ekki að prófa að fara inn á litinn markað í fyrsta sinn,“ segir Antonis Kyprianou hjá Cortefiel Group sem á dögunum opnaði þrjár verslanir í Smáralind. Hann segir markaðinn á Íslandi hiklaust góðan til að koma inn á.

Cortefiel er spænskt félag sem er leiðandi í fataverslun í Evrópu og rekur fjögur vörumerki. Ísland er 84. landið þar sem félagið opnar verslun og er stefnt að því að vera með rekstur í 87 löndum í lok árs.

Kyprianou segir bætt efnahagslíf hafa drifið ákvörðun fyrirtækisins um að opna hér á landi. „Fjölgun ferðamanna hafði ekki áhrif á ákvörðunina. Við reidum okkur á heimamarkað, ferðamenn koma ekki endilega í Smáralindina og það er ekki hægt að vera upp á ferðamennina kominn því að þeir koma og fara.“

Cortefiel hóf að undirbúa komu á íslenskan markað fyrir tveimur árum og því átti afnám tolla og áætlunir um afnám hafta ekki heldur þátt í ákvörðuninni. „En afnám tolla hjálpar, því fólk mun versla meira innanlands út af þessu, sem er mikilvægt, þar sem Íslendingar hafa



Antonis Kyprianou segir Ísland eins konar prufumarkað fyrir stærri Norðurlönd sem Cortefiel ætlar til. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mikið verslað erlendis í gegnum tíðina.“

Ísland er fyrsta landið á Norðurlöndum þar sem Cortefiel opnar dyr sínar, en stefnt er að opnun í Noregi í nóvember. „Við höfum skoðað

þennan markað í langan tíma og við teljum að þetta sé bæði rétti tíminn fyrir okkur og markaðinn til að hefja innreið. Á vissan hátt er Ísland eins konar prufumarkaður. Við einbeitum okkur fyrst

að Íslandi, Noregi og Finnlandi og prófum vörurnar þar áður en við förum til Svíþjóðar og Danmerkur. Í Svíþjóð er til dæmis mikið af þekktum sænskum vörumerkjum til að keppa við,“ segir Kyprianou.

Ákvörðun Cortefiel um að opna á Íslandi var tekin áður en fregnir bárust af því að sænski risinn H&M væri væntanlegur til landsins. Kyprianou segist hins vegar ekki óttast innreið hans á markað.

Óttast ekki H&M

„Við óttumst alls ekki komu H&M, þvert á móti þýðir komu H&M í Smáralind að fleira fólk mun streyma hingað. Þetta mun efla innlendan markað þar sem Íslendingar kaupa mikið frá H&M þegar þeir ferðast erlendis. Verslun á Íslandi verður bara áhugaverðari á næstu árum, og við höfum gaman af því að ný vörumerki komi til landa þar sem við erum því þá verður stærri markaður til, sem er gott fyrir okkur,“ segir Kyprianou.

„Íslendingar ættu að vera mjög stoltir af markaðnum sínum og sjá það sem jákvætt merki að fleiri vörumerki séu að koma. Þeir ættu að hafa traust á markaðnum sínum.“

Áætlanir eru um að opna fleiri verslanir á Íslandi en það veltur á því hvernig salan enger næsta árið og hvaða staðsetningar verða í boði. Kyprianou segir jafnvel koma til greina að opna niðri í bæ þar sem stórt verslunarhúsnæði rís nú á Hörpureitnum. „Smásölu-markaðurinn er að stækka á Íslandi og miðbærinn gæti hentað vel af því að hann er í hinum enda bæjarins.“



Fjölgun túrista gerir okkur kleift að opna

„Nýlega var gerð könnun sem sýndi fram á að Hard Rock var eitt af tíu þekktustu vörumerkjum heims, þetta er ekki eitt af stærstu vörumerkjum heims en þetta er eitt af því sem fólk þekkir best. Þú færð því ekki einkaleyfi á Íslandi nema þú uppfyllir vissar kröfur,“ segir Styrmir Karlsson, markaðsstjóri Hard Rock Café á Íslandi. Stefnt er að opnun staðarins í Iðuhúsinu í Lækjargötu í lok október.

Styrmir nefnir að meðal krafa sé að hafa unnið í veitingageiranum, og að sýna fram á fjármagn til að fara í dýra uppbyggingu á Hard Rock stað, en um er að ræða gríðarlega fjárfestingu í Lækjargötu. „Svo þarftu fólk sem skilur vörumerkjastjórnun í alþjóðlegum skilningi.“

Styrmir segir að fjölgun ferðamanna sé ein helsta ástæða þess að hægt sé að opna Hard Rock á ný hér á landi. „Það hefði verið erfitt að réttlæta það að leyfa okkur að opna staðinn með 300 til 400 þúsund túrista. Þessi fjölgun ferðamanna er það sem gerir okkur kleift að opna þennan stað. Forsvarsmenn Hard Rock eru að opna tvo staði á mánuði út um allan heim, þannig að þetta er spurning um forgangsröðun hjá þeim. Þetta er eins og hjá H&M, ef þeim finnst markaðurinn hér of lítill hafa þeir einfaldlega ekki tíma fyrir hann.“

Styrmir ítrekar þó að ekki sé verið að opna túristastað á Íslandi. „Við erum að einblína á það að koma með Hard Rock til baka fyrir Íslendinga. Útlendingarnir geta farið á Hard Rock úti í heimi, en við munum samt njóta góðs af því að þeir komi til okkar.“



Styrmir Karlsson, markaðsstjóri Hard Rock.

●● Það hefði verið erfitt að réttlæta það að leyfa okkur að opna staðinn með 300 til 400 þúsund túrista.

Styrmir Karlsson, markaðsstjóri Hard Rock

Hard Rock er sérstakur veitingastaður þar sem honum fylgir verslun og segir Styrmir að sérgerðir Hard Rock Reykjavík bolir verði seldir í Iðuhúsinu, en það sé mjög mikið aðdráttarafl bara fyrir fólk að koma inn og kaupa bolinn.

Styrmir telur að styrkleiki vöru-

merkis Hard Rock hafi gert það auðveldara að manna störf. Á dögunum voru haldnar áheyrnarprufur fyrir starfsmenn. „Þetta var smá áhætta þar sem þetta hefur ekki verið gert áður á Íslandi. En vörumerkið er svo sterkt að við fengum inn þrjú hundruð manns á einum degi og sjö tíu manns fengu vinnu. Vörumerkið kemur þarna svo sterkt inn að við náum að manna þessi störf í tvö prósent atvinnuleysi. Við lögðum líka upp með að ná sem flestum þjóðernum og tungumálum. Ég held að við munum á góðum degi hjá okkur hér í Lækjargötu vera með um tólf þjóðerni og yfir sautján tungumál,“ segir Styrmir.

til leiks

Niðurfelling tolla ýtti við H&M

Einhverjar stærstu fréttir úr smá-sölugeiranum bárust í sumar þegar staðfest var að sænska verslanakeðjan Hennes & Mauritz væri að opna verslun á Íslandi. Þrátt fyrir að vera ekki á Íslandi er H&M ein vinsælasta fatabúð sem Íslendingar versla í. Eins og Fréttablaðið greindi frá versluðu Íslendingar mest í H&M af öllum fatabúðum á fyrsta ársfjórðungi 2016. Af tíu vinsælustu fataverslununum samkvæmt gögnum frá Meniga átti H&M 17,7 prósent markaðshlutdeild.

H&M mun líklega opna í Smáralind seinni part sumars árið 2017 og líklega árið 2018 í miðbænum á Hafnartorgi, að sögn Sturlu Eðvarðssonar, framkvæmdastjóra Smáralindar.

Sturla segir að nokkur atriði hafi haft áhrif á komu H&M til landsins. „Stóra málið var niðurfelling tolla og gjaldeyrishöftin spiluðu einnig þarna inn. Þetta er ekki einkaleyfisverslun, þeir reka allar sínar



Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verslanir úti um allan heim. En það eru ýmis atriði sem hafa áhrif á það hvort þeir koma eða ekki. Það er hins vegar ekki hægt að alhæfa að það sé eitt frekar en annað,“ segir Sturla.

Hann bendir þó á að ýmis teikn séu á lofti í íslensku atvinnulífi sem höfðu jákvæð áhrif. „Hagvöxtur er hér meiri en gengur og gerist í kringum okkur og gríðarleg fjölgun ferðamanna hafði auðvitað eitthvað að segja, en þessir aðilar eru að horfa lengra fram í tímann en akkúrat núna,“ segir Sturla. „Þau eru mjög ánægð með þau metnaðarfullu áform sem Smáralind er í núna og uppbyggingu í miðbæ Reykjavíkur sem Reginn tekur líka þátt í,“ segir Sturla.

Er bílafloti í þínu fyrirtæki?



Floti.is

Haltu forskotinu með Flota

FREE WI-FI in all cars



get the app: **DRIVR**

+354
5 88 55 00

Bjóðum fyrirtæki & stofnanir í rafræn viðskipti

www.taxiserviceiceland.com - taxiservice@taxiservice.is



Porsteinn Ingi Sigfússon og Sunna Wallevik, fyrsti styrkþegi Elkem.

Þriggja ára styrkur

Elkem á Íslandi og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafa stofnað rannsóknarstöðu við Nýsköpunarmiðstöðuna og er ungur efnafraeðingur, Sunna Wallevik, fyrsti styrkþegi Elkem.

Staðan er til þriggja ára og mun Sunna aðallega starfa hjá Nýsköpunarmiðstöðinni, en einnig sinna rannsóknum hjá Elkem og nýta tækjabúnað beggja. Áætlað verðmæti styrks Elkem er 40 milljónir króna.

Porsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvarinnar, fagnar þessu samkomulagi og segir stefnu á svið endurnýtingar og fullvinnslu í orkuviðnáðnum njóta góðs af stöðunni. Til verði þekkingargrunnur sem geti leitt af sér nýsköpun á breiðu sviði. – hh

Nýr markaðs- stjóri VÍS



Guðný Helga Herbertsdóttir hefur verið ráðin markaðsstjóri VÍS. Hún hefur störf innan fárra vikna, að því er segir á heimasíðu VÍS.

Hún hefur að undanförmu gegnt stöðu deildarstjóra samskiptadeildar Landspítala, allt frá fyrri hluta árs 2015. Áður var hún upplýsingafulltrúi Íslandsbanka þar sem hún leiddi einnig mótun bankans í samfélagsábyrgð. – sg

Verkefnastjóri hjá Landsneti



Landsnet hefur ráðið Engilræð Ósk Einarsdóttur í starf verkefnastjóra gæðamála og samfélagsábyrgðar.

Engilræð er með MS í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur starfað hjá embætti Tollstjóra frá 2012. Hún kenndi rekstrarverkfræði við Háskóla Reykjavíkur árin 2012 til 2013 og vann á árunum 2008 til 2010 hjá Deloitte í áhættustýringu. – sg

Lífsgæði að búa á Akureyri

Jóhann Steinar Jóhannsson er nýr framkvæmdastjóri ÍV sjóða. Hann hefur viðtæka reynslu af innlendum fjármálamarkaði. Utan vinnunnar iðkar hann crossfit og hefur gaman af því að fara í sveitina með fjölskyldunni.

SVIPMYND

JÓHANN STEINAR JÓHANNSSON

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu, það eru mikil tækifæri í umhverfinu núna, það er þróttmikill vöxtur í efnahagslífinu og breytingar fram undan vegna afnáms gjaldeyris-hafta. Það eru tækifæri fyrir bæði innlenda fjárfesta erlendis og fyrir erlenda fjárfesta til að koma inn,“ segir Jóhann Steinar Jóhannsson, sem tók á dögnum við stöðu framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. á Akureyri.

ÍV sjóðir eru dótturfélag Íslenskra verðbréfa sem reka ellefu verðbréfa- og fjárfestingarsjóði með um fjöru-tíu milljarða króna í stýringu.

Jóhann Steinar hefur viðtæka reynslu af innlendum fjármálamarkaði. Undanfarin fjögur ár hefur hann starfað við eignastýringu hjá Stapa lífeyrissjóði. Á árunum 2008 til 2011 starfaði Jóhann Steinar við fjárfestingar og viðskiptaþróun hjá Tryggingamiðstöðinni. Þar áður starfaði hann í markaðsviðskiptum, áhættu- og fjárfestingu hjá Stoðum og Straumi fjárfestingabanka.

Jóhann Steinar er með M.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Lunds Universitet og B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur jafnframt lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Jóhann Steinar er Akureyringur og sneri aftur til Akureyrar fyrir fjórum árum eftir að hafa búið í Svíþjóð og þar áður í Reykjavík í níu ár.

Hann segir það hafa verið mjög gott að koma aftur heim og kann mjög vel við sig á Akureyri. „Það eru lífsgæði að fá að búa á Akureyri. Þetta er nógu stór bær til að maður verði ekki innilokaður og líði eins og maður sé í smábæ, hér er allt það helsta sem maður þarf en án stressins. Maður festist ekki í umferðar-teppu á Miklubrautinni hérna,“ segir Jóhann Steinar og hlær.

Hann er í sambúð með Írisi Björk Gunnlaugsdóttur hjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjú börn.

Után vinnunnar stundar Jóhann Steinar crossfit. „Ég er búinn að vera í því í þrjú ár. Það eru tvær stöðvar hérna á Akureyri og ótrúlega mikil og öflug hreyfing. Þetta er frábær félagskapur og frábært viðhorf sem crossfit kennir manni, bæði til íþróttarinnar og annarra hluta,“ segir hann.

„Svo reynir maður að eyða öllum tíma sem fer ekki í vinnu og æfingar með fjölskyldunni,“ segir Jóhann Steinar. „Ég reyni líka að veiða þegar



Jóhann Steinar Jóhannsson er Akureyringur en bjó í áratug í Reykjavík og í Svíþjóð. MYND/AUDUNN NÍELSSON

Þetta er frábær félagskapur og frábært viðhorf sem crossfit kennir manni, bæði til íþróttarinnar og annarra hluta.

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍV sjóða

ég get, og fer þá í fluguveiði. Svo eru systkini mín bæði með einhvern búrekstur, þannig að það er mjög gaman að fara í sveitina með fjölskylduna og slappa af,“ segir Jóhann Steinar Jóhannsson.
saeunn@frettabladid.is

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.

- ★ Veitingastaðir
- ★ Stóreldhús
- ★ Mötuneyti

@ hafid@hafid.is

☎ 554 7200



HAFID
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

Mannakorn


í Eldborg,
1. október

Mannakorn er ein ástsælasta
hljómsveit landsins og kemur
nú fram í Eldborgarsal Hörpu
í fyrsta sinn.

Sveitinni til halds og trausts
er fantagóð strengja- og
blásturssveit sem mun
gæða öll bestu lög
sveitarinnar einstökum blæ.

Miðasala er á tix.is, harpa.is
og í miðasölu Hörpu.

Nýsköpun



Vignir Guðmundsson
Framkvæmdastjóri
Radiant games

Árshátíð leikjainnaðar og sýndarveruleika gengin í garð

Slush PLAY ráðstefnan verður haldin í annað sinn hér á Íslandi í þessari viku, dagana 28.-29. september í Austurbæ. Búið er við um 350 ráðstefnugestum þetta árið, sem er töluverð fjölgun frá því í fyrra þegar rúmlega 200 ráðstefnugestir komu saman.

Áð mínu mati er ráðstefnan algjör lykilviðburður fyrir íslenskan leikjainnað. Við fáum hér tækifæri til þess að bjóða á okkar heimavöll vigtandi sérfræðingum, fyrirtækjum, fjárfestum og öðru áhugafólki á sviði leikjainnaðar og sýndarveruleika. Icelandic Startups hefur staðið sig frábærlega í að skipuleggja ráðstefnuna í ár og viðburði henni tengda, í samstarfi við fjölmarga samstarfsaðila.

Þrátt fyrir að viðburðurinn fari nú einungis fram í annað sinn, þá laðar hann að sér alþjóðleg fyrirtæki og fjárfestingarsjóði sem eru mörg hver leiðandi á sviði leikjainnaðar og sýndarveruleika. Má þar nefna fyrirtækin Unity, Wargaming, King, Valve og Lionsgate og fjárfestingarsjóði hjá Goldman Sachs, Horizons Ventures og Beringer Finance.

Það er í raun ótrúlegt hversu hratt Slush PLAY hefur vaxið sem eftirsóknarverður viðburður á þessu sviði. En hvað gerir það að verkum að svo margir alþjóðlegir lykilaðilar í leikjainnaði og sýndarveruleika sækjast eftir því að koma til Íslands til að taka þátt í Slush PLAY?

Svarið við þeirri spurningu er tvískipt. Í fyrsta lagi er það vegna þess hve leiðandi íslensk fyrirtæki hafa verið á vaxtarskeiði sýndarveruleikataekni á heimsvísu. Fyrirtækin CCP, Sólfar og Aldin Dynamics hafa öll hlotið gífurlega góða dóma fyrir sínar upplifanir. Til að mynda er leikurinn Gunjack frá CCP mest selda upplifun í sýndarveruleika frá upphafi.

Í öðru lagi er það vegna þess hversu góða ásynd Ísland hefur byggt upp síðastliðin ár sem áhuga-verður staður til að heimsækja. Afrakstur þess sést bersýnilega í gríðarlegum vexti í ferðaþjónustu síðastliðin ár.

Slush PLAY hefur farið einstaklega vel af stað sem ráðstefna þessi fyrstu ár. Við höfum gullið tækifæri í höndunum til þess að móta Slush PLAY til framtíðar sem árshátíð leikjainnaðar og sýndarveruleika á heimsvísu. Ekki bara fyrir íslenskan iðnað. Ávinningurinn af því yrði gífurlegur fyrir íslenskt samfélag og hugverkaiðnað. Til þess að það geti gerst þarf sameiginlegt átak frá sprotasamfélagi, fyrirtækjum, stuðningsaðilum, ráðuneytum og stjórnsýslu. Tökum höndum saman og látum það gerast!

Helmingi færri ferðamenn



Ferðamenn heimsækja pýramíðana í Gísa á alþjóðlegum ferðamannadegi Sameinuðu þjóðanna. Ferðamenn hafa lengi verið mikilvægur hluti af egypska hagkerfinu og hefur ferðaþjónustan verið ein af meginuppsprettum erlends gjaldeyris í Egyptalandi. Ferðamönnum hefur fækkað verulega í Egyptalandi á síðustu árum en á fyrri árshelmingi dróst fjöldi ferðamanna saman um fimmtíu prósent, samanborið við árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Ekki Pútín að þakka að komist var hjá hrúni hagkerfis Rússa



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Það hefur verið lítið um fagnaðarferni í rússneska hagkerfinu síðan Rússar innlimuðu Krim 18. mars 2014. Hvað vegna landsframleiðslu varðar hefur verið stöðugur samdráttur síðan þá og á því leikur enginn vafi að rússneska hagkerfið heldur áfram að berjast í bökkum og það er erfitt að sjá meiriháttar bata handan við hornið. Samdráttur efnahagslífsins hefur hins vegar verið minni en margir – þar á meðal ég – höfðu búið við og við getum sannarlega ekki talað um efnahagslegt hrún.

Oliuverð skiptir meira máli en landfræðistjórn máli

Til að skilja hvað hefur gerst í rússneska hagkerfinu síðustu tvö ár er gagnlegt að gera greinarmun á eftirspurnarhnykk og framboðsrykk.

Þýðingarmesti neikvæði eftirspurnarhnykkurinn sem orðið hefur í rússneska hagkerfinu síðan 2014 er hin skarpa lækkun á oliuverði sem við höfum orðið vitni að síðan um mitt ár 2014. Jafnvel þótt innlimunin og toppurinn á oliuverði hafi átt sér stað með nokkurra mánaða millibili 2014 held ég að þessir tveir atburðir séu næstum algerlega ótengdir, en það breytir ekki þeirri staðreynd að verðfallið á olíu er meiriháttar neikvæður eftirspurnarhnykkur fyrir rússneska hagkerfið.

Reyndar tel ég að verðfallið á olíu hafi haft miklu neikvæðari áhrif á rússneska hagkerfið en hinn neikvæði framboðsrykkur sem við höfum séð í formi aukinnar pólitískrar óvissu og refsiaðgerða Vesturlanda gegn Rússum.

Áð því sögðu hafa aðgerðir ríkisstjórnar Pútíns gert lítið til að draga úr ótta fjárfesta og á því leikur eng-

Niðurstaðan er sú að rússneska hagkerfið stendur sannarlega ekki vel og ríkisstjórn Pútíns hefur ekki gert margt til að bæta ástandið

inn vafi að sýn vestrænna fjárfesta á ástandið í Rússlandi er (með réttu) mjög neikvæð.

Fljótandi gengi til bjargar

Þannig hefur ríkisstjórn Pútíns ekki beint auknið traust fjárfesta á rússnesku efnahagslífi, en þrátt fyrir það höfum við heldur ekki séð kollsteypu í rússneska hagkerfinu. Reyndar hefur rússneska hagkerfið ekki staðið sig mikið verr en önnur olíuútflutningshagkerfi á síðustu árum.

Það er ein augljós ástæða fyrir þessum – Rússland er með fljótandi gengi og rússneski seðlabankinn hefur almennt leyft rúblunni að

veikjast til að endurspegla bæði verðfallið á olíu og aukna pólitiska og efnahagslega óvissu.

Eftir að hafa fyrst reynt að halda aftur af útsölu rúblunnar síðla árs 2014, með því að hækka stýrivexti verulega og grípa inn í á gjaldeyris-mörkuðum, komst rússneski seðlabankinn greinilega að þeirri niðurstöðu að það væri mikil hætta á hrúni fjármálageirans ef rúblunni væri ekki leyft að veikjast. Afleiðingin er sú að frá því snemma árs 2015 var markaðnum að mestu leyft að ákvarða gengi rúblunnar, sem gerði líka seðlabankanum kleift að lækka stýrivexti verulega.

Niðurstaðan er sú að rússneska hagkerfið stendur sannarlega ekki vel og ríkisstjórn Pútíns hefur ekki gert margt til að bæta ástandið, en hin ýmsu áföll sem hafa riðið yfir rússneskt efnahagslíf hafa ekki valdið kollsteypu, þókk sé aðallega fljótandi gengi í Rússlandi. Svo þótt hin veika rúbla sé ekki vinsæl á meðal rússneskra neytenda hefur gengislækkun hennar samt sem áður bjargað rússneska hagkerfinu frá hrúni.

Stjórnsmál og aðferðafræði hönnunar



Hin hliðin

Ingibjörg Gréta Gísladóttir
stofnandi og eigandi
Reykjavík Runway

Fyrir nokkrum árum kom út bókinn Change by Design eftir Tim Brown, forstjóra IDEO, þar sem hann ræddi um aðferðafræði hönnunar (e. design thinking), hvernig hún gæti umbreytt fyrirtækjum og stofnunum og hvatt til nýsköpunar.

Nú þegar við búum okkur undir kosningar og stjórnsmálaflokkar keppast við að markaðssetja sig fyrir okkur kjósendum, verður mér oft hugsað til þessarar bókar og velti ég því fyrir mér hvernig það væri ef aðferðafræði hönnunar væri notuð í stjórnsmálum og á vinnustaðnum Alþingi. Það er áhugavert að ræða málefnið með lokaniðurstöðuna í huga, fara í ferðalag til framtíðar og velja viljandi aðferðina til að ná ákveðinni niðurstöðu í stað þess að rifast um hvað og hvernig.

Gefum okkur að aðferðafræði hönnunar væri valin í vinnuhópi um nýtt hátæknisjúkrahús. Þá þyrfti að

spyrja hvernig við sæjum sjúkrahúsið eftir 50 ár og þá mögulega þróun á þjónustu og umhverfi þess. Ef við verðum komin með sjálfkeyrandi sjúkrabíla, hvernig þyrfti að koman að vera og gatnakerfið í kring um spítalann? Ef sjúkrabyrlur verða orðnar fljúgandi sjúkrabílar sem lentu á bílastæði fyrir utan spítalann, hvar þyrfti slík sjúkrabílastæði að vera, hvernig kæmu þeir síðan að spítalanum? Væru sjúkrabílaundirgöng álitlegur kostur til að komast beint inn í móttöku? Ef svo er, hvers þarf að gæta svo það gangi upp? Ef tæknin verður komin á þann stað að hægt

verði að tengja armband við sjúklinga strax í sjúkrabílum og lesa þannig allar upplýsingar fljótt og örugglega í gegnum upplýsingakerfi spítalans, væri það örugg aðferð? Hver yrði upplifun starfsfólks og sjúklinga í þessu ferli? Gætu upplýsingar farið beint til nánasta aðstandanda sem viðkomandi sjúklingur hefur valið inni á sínu sjúkrasvæði og uppfærst árlega við gerð skattaskýrslunnar? Þegar leitast er við að svara spurningum sem þessum, þarf að átta sig á hvað þarf að hanna til að slíkt gæti orðið að veruleika. Hvað og hvernig eru spurningar sem ýta undir nýsköpun.

Hér er ekki ætlunin að koma með tillögur varðandi hátæknisjúkrahúsið heldur eingöngu spinna upp mögulegar samræður í þverfaglegu teymi þar sem aðferðafræði hönnunar er höfð að leiðarljósi. Þessi aðferðafræði býður upp á forvitnilegar tilraunir, fleiri möguleika og nýsköpun.

Ef alþingismenn ynnu í þverpólitískum teyimum, kölluðu ekki eingöngu eftir áliti hagsmunaaðila heldur nýttu sér einnig aðferðafræði hönnunar til að vinna að heildarsýn og mögulegum sviðsmyndum sem nýttar væru við ákvarðanir, gætu niðurstöðurnar orðið aðrar.

365

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum

ENDALAUSSÍMTÖL & SMS Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

0 GB
790 KR

1 GB
1680 KR

5 GB
2680 KR

30 GB*
2990 KR

Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru u-boðir ferðapakkar Evrópski Draumurinn og Ameríski Draumurinn

*30 GB gagnamagn er innifalað. Hverjum mánuði er endalaust gagnamagn fyrir 2.000 ferðir burt úr vörð og innifalað 30 GB

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817



Eliza Reid forsetafrú er verndari sjávarútvegssýningarinnar sem hefst í dag.

Forsetafrúin verndar sýningu

Sýningin Sjávarútvegur 2016 / Iceland Fishing Expo 2016 verður sett í Laugardalshöll í dag og mun standa fram á föstudagskvöld. Um 120 innlendir og erlendir aðilar munu taka þátt í sýningunni.

Eliza Jean Reid forsetafrú er verndari sýningarinnar og við opnun hennar mun hún veita viðurkenningar þeim sem skarað hafa fram úr í greininni í ár að mati nokkurra helstu samtaka í sjávarútvegi. Samtökin sem veita verðlaun á þessari fyrstu sýningu eru: Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda, Sjávarklasinn, Sjómannasamband Íslands og Landssamband smábátaeigenda sem mun útnefna trillukarlársins.



Ætla að vinna saman á sviði rannsóknar og þróunar og á fleiri sviðum.

Samstarf við Kína um jarðhita

Orkustofnun, íslenska fyrirtækið Arctic GreenEnergy og kínverska fyrirtækið Sinopec undirrituðu samstarfssamning um samvinnu og samráð á sviði jarðvarmarannsókna fimmtudaginn 24. september síðastliðinn. Samkvæmt samkomulaginu munu samningsaðilar vinna saman á sviði rannsókna og þróunar, þjálfunar jarðhitasérfræðinga og að auknum samskiptum og samvinnu á milli íslenskra og kínverskra aðila á sviði jarðvarma.

Aðkoma Orkustofnunar að samkomulaginu mun fela í sér tækifæri fyrir íslenska fagþekkingu í Kína enda mikill uppgangur þar í landi. Stofnunin hefur sérstaklega unnið að uppbyggingu jarðhitapekkingar í fjölmörgum löndum, sérstaklega þó með starfi Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna til fjölda ára, en hann er til húsa hjá Orkustofnun.

9,6%

AUKNING RÁÐSTÖFUNARTEKNA

Ráðstöfunartekjur heimilageirans jukust árið 2015 um 10,8 prósent frá fyrra ári. Ráðstöfunartekjur á mann jukust um 9,6 prósent milli ára og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 7,9 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Heildartekjur heimilageirans jukust um 9,5 prósent frá árinu 2014 til 2015. Þar af hækkuðu heildarlaunatekjur um 10,7%,

1.7%

AUKNING Í MILLIRÍKJAVIÐSKIPTUM

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) hefur lækkað spá sína um milliríkjaviðskipti. Hún reiknar með 1,7 prósentu aukningu í milliríkjaviðskiptum á árinu sem er minnsta hækking milli ára síðan í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2009. Spáin hefur verið lækkuð um meira en þriðjung. Ástæða þess er meðal annars minni útflutningur á vörum frá Brasilíu og Kína.

26.9.2016



Hann er býsna svalur, þessi gaur, en hann á nú að vita betur eftir að við unnum þá í fótboltanum að það er ekki stærðin sem skiptir máli. Við höfum alltaf lagt þá að velli hvar sem við höfum mætt þeim.

Jón Ásbergsson, forstjóri Íslandsstofu, um Malcolm Walker forstjóra Iceland keðjunnar



Hera Björk
Stundur af jóluum

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju

26. nóvember kl. 20.00

Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Fridrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar

Midasala á miði.is